

8. Súrbrauð	hálf	250	grömm
9. Landbrauð	heil	500	—
10. —	hálf	250	—
11. Normalbrauð og hálfsgitirúgbrauð	heil	2500	—
12. —	hálf	1250	—
13. Hveitihleifar		1500	—

16

9. apríl

2. gr.

Óheimilt er að selja brauð, sem hafa minni þyngd en þá, sem ákveðin er í 1. gr., er þau eru vegin nýbókuð, en þó kólnuð svo, að vel megi handleika þau berum höndum. Mega brauðin eigi hafa meira vatn í sjer, er þau eru vegin, en 38%. Þó skal það eigi teljast brot þótt einstök brauð sjeu 4% ljettari en ákveðið er, en á þyngd 20 brauða má mismunurinn aðeins vera 1%.

3. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum 25—500 króna, er renna í bæjar sjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem gjörð er af bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar samkvæmt lögum 16. mars 1917, um þyngd bakarabrauða, staðfestist hjermeð.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. apríl 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Hafnarreglugjörð

17

12. apríl

fyrir

Stykkishólmskauptún.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir í dag gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Stykkishólmskauptún í Snæfellsnessýslu samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917:

I. Hafnargjald.

Af öllum skipum og gangvjelabátum, sem mæld eru til lestatafs, hvort sem þau sigla tóm, með seglfestu eða fermd vörum, skal greiða í hafnargjald 15 auru af hverri smálest

17 alls farmrúmsins í hvert skifti, er þau leggjast á höfnina, minsta gjald þó 5 krónur. Þar með **12. apríl** eru talin fiskiskip og öll önnur skip, er ganga á millum hafna á Íslandi. Undanþegin þessu gjaldi eru þau skip, sem ræðir um í 3. gr., en gangvjelabátar minni en 12 smálestir greiði í hvert skifti 3 krónur eða 10 krónur í árgjald.

Skipin greiði framangreind gjöld, þá er lagst er fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr svo nefndum Baulutanga beina línu í Hvítabjarnarey, þaðan beina leið í Þórishólma, þaðan beina línu í Böllusker og þaðan sjónhending í Lundaklett. Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísreks sakir, storma eða því um líkt.

Þau skip, sem liggja vetrarlangt á Stykkishólmshöfn, skulu greiða í hafnarsjóð: Skip stærri en 50 smalestir 20 krónur, skip 50 smalesta og minni 10 krónur, en til vetrarlegunnar þurfa slík skip að fá leyfi hafnarnefndar.

II. Aukagjald.

Auk þeirra gjalda, sem þegar eru talin, skal greiða 8 aura af hverri smálest í skipi, sem lagt hefir verið upp í fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, þó aldrei minna en 5 krónur.

Skip, sem taka seglfestu í landi Stykkishólmskaupþúns greiði í hafnarsjóð 8 aura af hverri smálest skipsins, en þó aldrei minna en 5 krónur.

III. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin hafnargjaldi eru:

1. Öll herskip og skemtiskip hverrar þjóðar sem eru.
2. Skip, er leita hafnar sakir sjóskemda eða veikinda skipshafnar, þótt farmur hafi verið fluttur úr þeim, ef þau flytja allan farminn í burtu aftur og eigi annað.

IV. Seglfesta.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni, nema með leyfi hafnarnefndar, og seglfestu má hvergi taka, nema með leyfi landeiganda eða umráðamanns.

V. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

Gjöld þau, sem talin eru hjer að framan, skulu renna í hafnarsjóð Stykkishólmskaupþúns og skal honum eingöngu varið til þess að standast kostnað af mannvirkjum, er við höfnina eru eða verða gjörð, viðhaldi þeirra og frekari umbótum.

Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps kys 3 menn í hafnarnefnd til þriggja ára í senn og skal einn þeirra jafnan vera hreppsnefndarmaður. Hafnarnefndin hefir umsjón með, að reglugjörð þessari sje hlýtt; innheimtir eða sjer um að gjöldin til hafnarsjóðs sjeu innheimt, og stjórnar sjóðnum með umsjón hreppsnefndar. Hreppsnefndin veitir fje úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans, eins og öðrum eignum hreppstjélagins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

VI. Notkun hafnarbryggjunnar.

- a. Öll skip, er ætla að leggjast við hafnarbryggjuna, skulu skyld að hlífa bryggjuhöfðinu sjálfu við átökum, en nota aðallega til að draga sig að, ból þau beggja megin bryggjunnar og hringi í Stykkinu, sem til þess er ætlað. Leiðbeini hafnsögumaður skipi iun á höfn, skal hann skyldur að benda skipstjóra á bólin og hringina, er skipinu sje ætlað að nota, til að draga sig að bryggjunni,

- b. Skip hafa rjett til þess að leggjast að bryggjunni í þeirri röð, sem þau koma; þó skulu þau skip, sem sigla fyrir fastákveðinni fyrirfram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rjett til þess að leggjast að bryggjunni, þó önnur liggi þar fyrir, og verða þau að vikja á burt meðan hin fá afgreiðslu. 17 apríl

Hafnarnefnd ákveður hvar skip skuli liggja fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr vestra horni Súandiseyjar í svo nefndan Fálka.

- c. Sjerhver skemd, sem verður á bryggjunni, áhöldum eða öðru því, sem skip nota, skal að fullu bætt af viðkomandi skipi, ef hún stafar af ásettu ráði eða vangá.

Aðrar skemdir, er bryggjan og áhöld hennar verða fyrir af manna völdum, skal að fullu bæta af þeim, er skemdunum valda af ásettu ráði eða vangá.

- d. Hafnarnefndin hefir, undir umsjón hreppsnefndar, alla umsjón með hafnarbryggjunni og áhöldum þeim, er henni fylgja, og er öllum óheimilt að nota, nema leyfi nefndarinnar komi til.

Hafnarnefnd skipar hafnarvörð, er hafi stöðuga umsjón með bryggjunni og áhöldum hennar, og kveður á um starfsvið hans og þóknun.

VII. Vörugjald.

Af öllum vörum, sem fluttar eru úr eða í skip á höfninni skal greiða gjald sem hjer segir, hvort sem vörurnar eru fluttar um hafnarbryggjuna eða eigi:

1. Af kolum, 1 kr. af hverri smálest.
2. — salti, 75 aura — — —
3. — timbri og öðrum vörum sem reiknast eftir rúmmáli, 4 aurar af hverju teningsfeti.
4. — múrsteini og sementssteini, 50 aurar af hverjum 100 stk.
5. — stórgripum, 1 kr. af hverjum.
6. — sauðfje, 25 aurar af hverri kind.
7. — kjöttunnum, síldartunnum, fisktunnum og olíntunnum, 30 aurar af hverri tunnu.
8. — öllum öðrum vörum, 20 aurar af hverjum 100 kg., minsta gjald þó 20 aurar.

Af umblöðnum vörum greiðist gjaldið aðeins einu sinni.

Póst- og farþegaflutningur er undanþeginn gjaldi þessu.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd vörunnar með umbúðum. Brot úr gjaldeining telst sem heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds, og er öllum skipaafgreiðslumönnum skylt að láta hafnarverði í tje eintak af öllum farmskrám yfir vörur, sem skipað er upp eða út í Stykkishólmi, innan sólarhrings eftir komu eða burtför skipanna.

Hafnarnefndin hefir haldsrjett á vörum þeim, sem greiða skal af vörugjald, uns gjaldið er greitt.

Hafnarnefndin sjer um innheimtu á vörugjaldinu og reikningsskil fyrir því, og ræður einn eða fleiri menn til að hafa innheimtuna á hendi gegn innheimtulaunum þeim er um semur.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins innheimta gjaldið, að öllu eða nokkru leyti, eftir því sem hafnarnefnd ákveður, og standa skil á því.

VIII. Lögtaksrjettur.

Öll gjöld samkvæmt reglugjörð þessari má taka lögtaki.

17

IX. Sektorákvæði o. fl.

12. apríl

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 krónum, er renna í hafnarsjóð Stykkishólms, og skal með mál út af brotum á reglugjörð þessari farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. maí 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 12. apríl 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

18

12. apríl

Samþykkt

um

lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjakaupstað.

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna og kaupfjelaga í Vestmannaeyjakaupstað skal lokað eftir því sem segir í 2. og 3. grein samþyktrar þessarar.

Undanskyldar eru þó sölubúðir er eingöngu versla með brauð og mjólk.

2. gr.

Alla virka daga skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis og opnaðar eigi fyrir en kl. 9 árdegis, þó með þeim undantekningum, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Síðustu virka daga fyrir aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal heimilt að halda opnum búðum til kl. 10 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og 17. júní mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Á lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í sölubúðum, brauðsölubúðum, á strætum, torgum eða annarstaðar utan sölubúða kaupmanna, nema úr sjálfsöllum, nokkurn þann varning, sem verslunarleyfi þarf til að selja. Heimilt er þó að selja á þeim tíma vistir, kol, salt og olíu til báta skipa og viðskiftamanna, er nauðsyn krefur.